



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Sunnubraut 36 230 Keflavík Sími 421-3100 Fax 421-3107

198. fundur skólanefndar FS

12. september 1995

Mættir: Kristbjörn Albertsson, Bogi Hallgrímsson, Guðbjörg Ingimundardóttir, Ingimundur Guðnason, Inga Birna Antonsdóttir, Einar Trausti Óskarsson, Ólafur Sigurðsson, Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari, Oddný Harðardóttir aðstoðarskólameistari og áheyrnarfulltrúinn Jón Ingi Baldvinsson.

Formaður setti fundinn og síðan var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. Upphaf haustannar 1995.
 2. Starfsmannaráðningar.
 3. Starfsmenntabrautir.
 4. Öldungadeild.
 5. Önnur mál.
-
1. **Upphaf haustannar 1995.**
Ólafur Jón sagði frá upphafi annarinnar og fræddi fundarmenn um fjölda nemenda og samsetningu nemendahópsins.
 2. **Starfsmannaráðningar.**
Ólafur Jón sagði frá síðustu ráðningum og undanþágum. Helga Óskarsdóttir ritari hefur sagt starfi sínu lausu. Skólameistari mun auglýsa starfið.
 3. **Starfsmenntabrautir.**
Ólafur Jón sagði frá vinnu við undirbúning starfsmenntabrauta. Guðbjörg Jónsdóttir hefur verið ráðin starfsmaður verkefnisins tímabundið. Nokkrar umræður urðu um starfsmenntabrautirnar.
 4. **Öldungadeild.**
Oddný sagði frá starfsemi öldungadeildar. Nemendur eru alls 213 sem er meira en verið hefur. Oddný hyggst gera könnun meðal nemendanna til að kanna viðhorf þeirra og væntingar til námsins. Skólinn mun einnig bjóða upp á nokkur stutt námskeið á önninni.
 5. **Önnur mál.**
 - a) Kristbjörn mæltist til þess að skrá yfir nefndarmenn yrði leiðrétt og send út að nýju vegna breytinga sem hafa orðið.

- b) Kristbjörn sagði frá því að Ingólfur Halldórsson, Guðmundur Björnsson og Páll Ketilsson hafa samþykkt að sitja í afmælisnefnd. Guðbjörg Aðalbergsdóttir hefur verið tilnefnd fulltrúi starfsmanna. Nemendur eiga eftir að tilnefna sinn fulltrúa. Skólameistari kallar nefndina saman í fyrsta sinn.
- c) Inga Birna ræddi um mótuneyti nemenda. Ólafur Jón sagði frá því að framkvæmd samnings við rekstraraðila hafi verið breytt en það hefði ekki átt að hafa áhrif á verðlag. Málið verður athugað.
- d) Ólafur Jón sagði frá ráðstefnu á Akureyri um gæðastjórnun í menntakerfinu. Þrír fulltrúar skólans sóttu ráðstefnuna.
- e) Nemendur í tölvufræði eru að vinna heimasíðu fyrir skólann til að setja á Internetið.
- f) Oddný og Inga Birna sögðu frá busavígslu sem tókst með besta móti að þessu sinni.
- g) Kynnt bréf frá ráðherra um aðhald í rekstri skóla.
- h) Von er á hópi Svía í heimsókn í skólann 26. september.
- i) Skólameistarafélagið hyggst fara til Sviss í vikuferð 30. september. Um er að ræða náms- og kynnisferð í samvinnu við menntamálaráðuneyti. Ólafur Jón og Oddný óska eftir því að fara í þessa ferð en skólinn ber þá kostnað af því. Samþykkt samhljóða.
- j) Rætt um fyrirhugaða kynnisferð skólanefndar til Fjölbrautaskóla Suðurlands. Skólameistari kannar málið.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Guðmann Kristþórsson
Guðmann Kristþórsson,
fundarritari